



# **GOLFKLÚBBUR AKUREYRAR**



## **SKÝRSLA STJÓRNAR 2020**

**1. NÓVEMBER 2019 – 31. OKTÓBER 2020**



## STJÓRN OG NEFNDIR STARFSÁRIÐ 2019-2020

### Aðalstjórn

Formaður:	Bjarni Þórhallsson	eitt ár
Varaformaður:	Jón Steindór Árnason	fyrri ár
Ritari:	Sigurður Skúli Eyjólfsson	fyrri ár
Gjaldkeri:	Guðlaug M. Óskarsdóttir	seinna ár
Meðstjórnandi:	Eygló Birgisdóttir	seinna ár

### Varamenn í stjórn

1. varamaður	Vigfús Ingi Hauksson	eitt ár
2. varamaður	Viðar Valdimarsson	eitt ár

### Vallarnefnd (GSÍ)

Heimir Jóhannsson  
Jón S. Hansen  
Karl Guðmundsson  
Sverrir Þorvaldsson  
Halla Sif Svavarsdóttir  
Þórunn Haraldsdóttir  
Sturla Höskuldsson  
Jón Steindór Árnason  
Steindór Kristinn Ragnarsson

### Afreks og unglínganefnd

Heiðar Davíð Bragason  
Anton Ingi Þorsteinsson  
Harpa Hafbergsdóttir  
Stefanía Kristín Valgeirsdóttir  
Ágúst Ingi Axelsson  
Heiða Björk Sigurðardóttir

### Kappleikjanefnd (GSÍ)

Jón Heiðar Sigurðsson  
Baldur Ingi Karlsson  
Arinbjörn Kúld

### Arctic Open nefnd

Viðar Valdimarsson  
Halla Sif Svavarsdóttir  
Anna Einarsdóttir  
Eygló Birgisdóttir  
Jón Heiðar Sigurðsson  
Baldur Ingi Karlsson

### Forgjafar og aganefnd (GSÍ)

Formaður: Björn Axelsson  
Eiður Stefánsson  
Stefán Jónsson

### Nýliðanefnd

Heiðar Davíð Bragason  
Stefanía Kristín Valgeirsdóttir

### Kvennanefnd

Bryndís Björnsdóttir  
Aníta Jónsdóttir  
Björg Konráðsdóttir  
Álfheiður Atladóttir  
Hrefna Magnúsdóttir  
Friður Leósdóttir

### Húsnefnd

Þorsteinn Konráðsson  
Baldur Ingi Karlsson  
Jón Vídalín

### Skoðunarmenn ársreikninga

Sveinn Pálsson  
John Júlíus Cariglia



## SKÝRSLA FORMANNS


Sælir góðir GA félagar.

Ég býð ykkur öll velkomin á aðalfund Golfklúbbs Akureyrar fyrir starfsárið 2019-2020. Í upphafi fundar langar mig að biðja ykkur að minnast látins félaga okkar en Brynleifur Hallsson lést þann 3. október.

Kæru GA félagar ég vil þakka öllu samstarfsfólki, stjórnarmönnum, nefndarmönnum, starfsmönnum, Vídalín veitingum og öllum þeim fjölda sem lagt hafa mikla vinnu á sig fyrir klúbbinn okkar. Mig langar að þakka þeim, ásamt félagsmönnum öllum fyrir gott samstarf á starfsárinu. Mig langar sérstaklega að nefna skrifstofuna og skrifstofustjórnann, Jón Heiðar, en álagið á þeim í sumar var oft á tíðum ótrúlegt. En hann og framkvæmdastjórinn okkar, Steindór Ragnarsson, sýndu á Arctic Open að þeim er margt til lista lagt og tókst þeim að halda uppi stemmingu og bjóða upp á mat fyrir fólk við mjög erfiðar sóttvarnaraðstæður með tilliti til fjölda keppenda. Golfkennararnir okkar þau Heiðar Davíð og Stefanía Kristín eru búin að vinna ótrúlegt starf við að fjölga ungum kylfingum þannig að framtíðin er björt og það á eftir að vera mjög spennandi að vinna með þessum nýja hóp sem er að koma inn í klúbbinn. Ég held að við öll höfum tekið eftir auknum fjölda unglunga á vellinum síðasta sumar, sem er ótrúlega ánægjulegt. Nú er svo komið að þau eru í vandræðum með að anna öllum og því þarf að huga að nýjum leiðum til að leysa þjálfaramál, en það er með ánægjulegustu áskorunum sem við munum fást við.

Árið einkenndist af veiru sem heimsótti okkur í upphafi árs. Inniaðstaða var því lokið seinnihluta vetrar og eins nú í haust. Þetta hefur að sjálfsögðu haft veruleg áhrif á allt okkar starf en núna vonum við að það fari að birta til. Á árinu var haldið áfram að lagfæra húsakost klúbbsins og langar mig að þakka þeim fjölmörgu sem að því komu. Sérstaklega ber að nefna þá sem tóku að sér að laga fjósið en eins og glöggir meðlimir sjá hefur tekist griðarlega vel til. Þarna hefur hópur manna unnið að því að endurbyggja allt húsið. Eftir langa bið er nú komin upplýst gangbraut meðfram heimreið og upp að skála og er verið að leggja lokahönd á frágang á kanti niður með 10. braut.

Á árinu var haldið áfram að byggja upp unglingastarf félagsins og er mér mikil ánægja að segja frá því að nú í lok starfsárs hefur þessi hópur haldið áfram að stækka og nú æfa mun fleiri ungmenni golf hjá félaginu en gerðu árið á undan. Þetta er þriðja árið í röð sem svona fjölgun er og er nú þannig komið að yfir þriðjungur félagsmanna er 18 ára og yngri og hafa aldrei verið fleiri í klúbbum, það sem er áfram óvenjulegt er að mest öll fjölgunin er hjá 18 og yngri. Það má því reikna með að oft verði fjölmennt í golfhöllinni þegar banni við íþróttum verður aflétt.



Tafla 1: Spil á Jaðarsvelli 2020

Íslenska ferðamanninum hafi verið á þriðja tug milljóna í sumar. Þetta var sérstaklega ánægjulegt og vona ég að öllum þeim sem lögðu leið sína til Akureyrar þetta sumar hafi farið þaðan með góðar myndir og minningar í huga og bjóðum við allt þetta fólk velkomið aftur. Völlurinn kom undan erfiðum vetri og tókst að opna nokkuð á venjulegum tíma. Í sumar var völlurinn opinn í meira en fimm og hálfan mánuð og var lokað þegar íþróttir voru bannaðar í landinu í október. Áfram var haldið vinnu við að bæta völlinn og þar má sérstaklega nefna vinna við brautir til að bæta þær. Vinnu við dren var þannig haldið áfram og einnig er hafin vinna við viðhald á teigum og forgrinum, allt með það að markmiði að við getum skartað flottum keppnisvelli.

Mótahald sumarsins gekk mjög vel og hélt GA Íslandsmót í holukeppni í júní. Önnur stór mót sumarsins gengu mjög vel og fengum við mjög ánægulegt hrós frá þátttakendum í þeim, bæði fyrir umgjörð og gæði vallarins. En öll þau boð og bönn sem sóttvarnaryfirvöld settu, tókst starfsmönnum að leysa þannig að eftir var tekið og mikill sómi að. Akureyrarmótið var haldið snemma í júlí og Akureyrarmeistarar voru þau Lárus Ingi Antonsson og Andrea Ýr Ásmundsdóttir og óskum við þeim kærlega til hamingju.

Eins og ég hef áður sagt er nú að ljúka mörgum verkum sem við höfum staðið í en þá taka önnur við. Nú í haust var ákveðið að samstarfi um rekstur á Lundsvelli ljúki í því formi sem það hefur verið en það á eftir að útfæra hvort og hvernig því verður síðan háttað í framtíðinni. Nú í haust barst okkur boð um að halda Íslandsmót í högguleik 2021 og þökkum við GSÍ fyrir það traust sem okkur er sýnt. Þetta er stærsta golfmót ársins og ætlum við okkur að gera það með sóma.

En stækkandi félag þarf líka stærri aðstöðu. Því megum við ekki gleyma og nú er komið að því að taka næstu skref. Við ætlum að gera upplifun gesta okkar sem heimsækja Akureyri til að spila golf, það eftirminnilega að þeir komi sem fyrst aftur. Og við megum ekki gleyma því að hingað koma mörg þúsund manns ár hvert til að spila völlinn. Það er sérstaklega ánægjulegt



að nú er öll sú mikla vinna sem hér hefur verið unnin að skila sér bæði í bættri fjárhagsstöðu og meiri viðurkenningu á Jaðri sem golfvelli.

Að lokum vona ég að veturinn verði öllum góður, jafnt mannfólki sem golfvellingum, og að við getum gengið glöð út á golfvöll sem fyrst á nýju ári. Þakka ég ykkur öllum fyrir liðið starfsár og sérstakar þakkir til starfsmanna sem unnu gríðalega gott starf fyrir okkur á liðnu starfsári.

## SKÝRSLA KAPPLEIKJANEFNDAR

Mótahald sumarsins 2020 gekk vel og voru fjölmargir kylfingar sem lögðu leið sína á Jaðarsvöll til að taka þátt í fjölbreyttum mótum á vegum GA. Opnunarmót GA var haldið 6. júní og tóku 41 kylfingar þátt í mótinu. Síðasta mót sumarsins var síðan haldið 11. október en það var Haustmót GA (2) þar sem 45 kylfingar tóku þátt. Mótahald okkar spannaði því rúma fjóra mánuði þetta árið. Bændaglíman var á sínum stað en hún var haldin um miðjan september þar sem rúmlega 55 GA félagar gerðu sér glaðan dag en bændur í ár voru bræðurnir Anton Ingi og Konráð Þorsteinssynir og var hart barist.

Íslandsmótið í holukeppni var haldið á Jaðarsvelli um miðjan júní og voru okkar bestu kylfingar mættir norður í blíðuna. Mótið gekk frábærlega og voru kylfingar og

aðrir glaðir með framkvæmd GA af mótinu. Það fór svo að lokum að það voru þau Axel Bóasson og Ólafía Þórunn Kristinsdóttir sem sigruðu mótið. Axel sigraði einnig síðast þegar Íslandsmótið í holukeppni var haldið á Jaðarsvelli árið 2015. Akureyrarmótið var haldið 8. júlí og voru það þau Andrea Ýr og Lárus Ingi sem urðu Akureyrarmeistarar í meistaraflokki. Lárus var að vinna Akureyrarmeistaratitilinn í fyrsta skiptið og Andrea í annað skiptið.




Mynd 1: Konni stóri bróðir ánægður með bikarinn



Mynd 2: Verðlaunahafar á Akureyrarmótinu

Að venju voru mörg stórmótin í ágústmánuði en má þar helst nefna Icewear bombuna, Hjóna- og paramót Golfskálans og GA, Höldur Open og Opna FootJoy og Titleist mótið. 156 þátttakendur voru í bombunni, 208 í hjóna- og parakeppninni, 204 í Höldur Open og 126 í Opna FootJoy og Titleist mótinu. Svokölluð stórmót má kalla þessi mót og var því nóg um að vera í ágústmánuði en fleiri mót voru einnig haldin. Aldrei hafa áður verið eins margir í Höldur Open eins og árið 2020 og er ljóst að það er að verða eitt að stærstu mótum landsins. Vegna Covid-19 faraldursins reyndist ekki hægt að halda hefðbundið lokahóf á Hjóna- og parakeppni Golfskálans og GA en við fundum lausnir á því ásamt Vídalín veitingum og fóru keppendur saddir og glaðir heim eftir hringinn á laugardeginum. Íslandsmót golfklúbba eldri kylfinga var haldið á Jaðarsvelli seinnipart ágústmánaðar og fór það svo að sveit okkar GA manna gerði sér lítið fyrir og varð Íslandsmeistari á heimavelli eftir sigur í úrslitaleiknum á móti sveit GKG, frábær árangur hjá körlunum okkar sem voru klúbbum til sóma.

Leiknir voru 3658 mótshringir á Jaðarsvelli sumarið 2020, af þeim voru 2107 leiknir af GA félögum og 1551 af kylfingum í öðrum klúbbum eða rúmlega 42%. Það er því ljóst að golfmót hjá GA eru vinsæl hjá öðrum kylfingum og viljum við halda áfram að gera vel við þátttakendur í mótum hjá okkur og gera þau eins góð og hægt er.



Tafla 2: Mótshringir á Jaðarsvelli 2020

Golfklúbbur Akureyrar hefur lengi haldið gríðarlega vinsæl og stór mót á landsvísu og hefur bætt verulega í áhuga á mótum hjá okkur undanfarin ár. Fór það svo í ár að GA hélt þrjú



stærstu opnu mót sumarsins. Það gætum við að sjálfsgöðu ekki gert án allra okkar styrktaraðila en við hjá GA viljum þakka þeim fjölmörgu styrktaraðilum sem gerðu okkur kleift að halda eins glæsileg mót og raun ber vitni. Einnig viljum við þakka þeim sjálfboðaliðum og því starfsfólki sem lagði lóð sín á vogarskálarnir þetta sumarið. Við viljum gera enn betur og hlökkum til að bæta í fyrir árið 2021 í mótahaldi GA.

### Vinsæl opin mót

Dags.	Mót	Golfklúbbur	Fjöldi þátttakenda
25.06.20	Arctic Open	Golfklúbbur Akureyrar	224
07.08.20	Hjóna- og parakeppni Golfskálans	Golfklúbbur Akureyrar	208
14.08.20	Höldur/KIA Open	Golfklúbbur Akureyrar	204
09.05.20	Opna Ecco	Golfklúbbur Mosfellsbæjar	203
02.08.20	Opna Nettó	Golfklúbbur Borgarness	202
06.06.20	ZO-ON OPEN	Golfklúbburinn Oddur	200
03.07.20	Icelandair Volcano Open	Golfklúbbur Vestmannaeyja	196
25.07.20	Opna Icelandair-Hotels	Golfklúbbur Borgarness	196
17.06.20	Opna ICELANDAIR	Nesklúbburinn	194

Tafla 3: Vinsælustu golfmót sumarsins 2020

F.h. Kappleikjanefndar, Jón Heiðar Sigurðsson.

## SKÝRSLA ARCTIC OPEN NEFNDAR

Arctic Open mótið fór fram dagana 24.-27. júní og má sjá nefndarmeðlimi hér fremst í skýrslunni. Helstu samstarfsaðilar mótsins voru Flugfélag Íslands, Isavia, MS, FootJoy á Íslandi og Toyota á Íslandi. Við hjá GA viljum þakka þessum sérstaklega fyrir stuðninginn ásamt öðrum samstarfs- og styrktaraðilum. Alls voru 224 þátttakendur í Arctic Open í ár sem er frábær þátttaka. Því miður voru fáir erlendir kylfingar í mótinu í ár sökum Covid-19 en meiri hluti þeirra sem komst ekki í ár skráði sig strax í mótið 2021 og því er von á stóru mótí næsta ár. Völlurinn var í flottu standi þegar mótið hófst og eiga vallarstarfsmenn sem og veðurguðirnir miklar þakkir skilið fyrir þeirra störf í aðdraganda mótsins.



Mynd 3: Það var stemming á Arctic Open



Fjöldi lagði leið sína upp á Jaðar á miðvikudagskvöldinu í opunarhátíð mótsins þar sem mótsgögn voru afhent og boðið upp á smárétti og drykki. Góð stemming myndaðist og var árlega drive-keppnin á sínum stað þar sem Aron Elí Gíslason fór með sigur úr bítum. Á lokahófinu var síðan hinn eini sanni Gummi Ben veislustjóri annað árið í röð og tríó-ið Súlu kom og tók nokkra slagara og slógu í gegn og var stemmingin og gleðin svo sannrlega við völd. Keppt var í fjórum flokkum líkt og undanfarin ár en þeir eru opinn flokkur án forgjafar, með forgjöf, konur án forgjafar og 55 ára og eldri án forgjafar. Einnig var liðakeppni meðfram mótinu þar sem fjórir kylfingar mynduðu lið og þrjú bestu skorin giltu hvorn daginn. Í sigurliðinu þar voru þau Jón Þór Gunnarsson, Víðir Steinar Tómasson, Eygló Birgisdóttir og Rúnar Tavsén. Eygló Birgisdóttir varð síðan Arctic Open meistari 2020 með 84 punkta, Ólafur Auðunn Gylfason vann höggleikinn á 146 höggum. Jón Þór Gunnarsson fór með sigur úr bítum í flokki 55 ára og eldri á 148 höggum og það var síðan hún Anna Jódís Sigurbergsdóttir sem vann höggleik kvenna annað árið í röð á 162 höggum.

Arctic Open nefndin vill þakka fyrir mótið í ár og þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem hjálpuðu til við að hafa mótið eins glæsilegt og það var en töluverð vinna liggur á baki að halda mót af þessari stærðargráðu. Við hlökkum til Arctic Open 2021 og erum strax byrjuð að vinna þá forvinnu sem þarf til að halda því flotta starfi áfram sem hefur verið unnið undanfarin ár. Von er á fjölda erlendra kylfinga á næsta ári sem gerir mótið enn skemmtilegra og hlökkum við til að taka á móti þeim og öðrum gestum í júní 2021.

F.h. Arctic Open nefndarinnar, Jón Heiðar Sigurðsson.

## SKÝRSLA VALLARSTJÓRA

Árið 2020 var frábært ár fyrir Jaðarsvöll en metspilun var á vellinum sem tók vel við allri umferðinni. Golfvertíðin byrjaði með vinnudegi þann 17. maí þar sem vel var mætt og hin ýmsu verkefni leyst. Jaðarsvöllur var svo formlega opnaður, 16 holur vallarins, 18. maí í flottu standi

Vinnudagurinn er alltaf mjög mikilvægur fyrir starfsmenn og kylfinga, góður vinnudagur skilar sér langt inn í sumarið þegar vel tekst til. Þökkum við þeim frábæru sjálfboðaliðum sem ávallt

mæta og taka til hendinni við völlinn, rúmlega 75 manns mættu þetta árið og fengu að spila 10 holur á vellinum eftir erfiðan dag út á velli í hinum ýmsu verkefnum.



Mynd 4: Vaskir GA félagar við stígagerð á 11. holu





Mynd 5: Nýr rauður teigur á 10. holu

Nokkrar minniháttar framkvæmdir voru á vellinum í ár, nýr rauður teigur á 10. holu sem kom mjög vel út var vígður þann 6. ágúst. Teigurinn gerir holuna viðráðanlegri fyrir þá sem slá stutt og beint og er mikil ánægja með hann. Þá var lagður stígur á 11. og 14. holu fyrir umferð og á haustmánuðum var farið í að byggja upp nýjan hvítan teig á 17. holu sem verður tekinn í notkun á næsta ári og lengir holuna umtalsvert sem verður gaman að sjá. Einnig var farið í drenvinnu á 16. og 6. braut nú í haust og vonumst við til þess að það muni skila góðum árangri næsta sumar.

Völlurinn lokaði síðan formlega laugardaginn 31. október og var því völlurinn opinn í fimm og hálfan mánuð árið 2020. Samstarf okkar hélt áfram á Lundsvelli ásamt því að sjá um umhirðu á knattspyrnuvöllum KA og Þórs. Þökkum við þeim

fyrir frábært samstarf.

Aldrei hafa eins margir hringir verið spilaðir á Jaðarsvelli eins og sumarið 2020 eða 26.982 hringir. Það er mikið umstang sem tengist svona umferð á völlinn og starfsmenn okkar á vellinum eiga hrós skilið fyrir vel unnin störf í sumar og hlökkum við mikið til næsta árs. Þá munum við halda Íslandsmótið í golfi í ágúst og munum við halda áfram þeirri góðu vinnu sem hefur átt sér stað undanfarin ár og hafa völlinn eins góðan og hægt er.



Tafla 4: Spilaðir hringir á Jaðarsvelli 2020

Með kveðju,

Steindór og Gunnar Ernir

## SKÝRSLA KVENNANEFNDAR

Kvennastarf GA þetta starfsárið var blómlegt að vanda, þrátt fyrir ýmsar takmarkanir vegna Covid-19. Ekki var hægt að halda vofund eins og hefð er fyrir og kynna nýja kvennanefnd. Engu að síður hóf ný nefnd störf með vorinu. Nefndina skipuðu þær Aníta Jónsdóttir, Björg Konráðsdóttir og Bryndís Björnsdóttir sem höfðu starfað í nefndinni árinu á undan. Auk þeirra tóku sæti í nefndinni þær Álfheiður Atladóttir, Fríður Leósdóttir og Hrefna Magnúsdóttir en

Harpa Ævarrsdóttir, Kristveig Atladóttir og Linda Hrönn Benediktsdóttir gengu úr nefndinni sem þær höfðu starfað í síðustu tvö árin.

Kvennanefnd stóð fyrir vön-óvön kvennaspili þrisvar sinnum yfir sumarið. Ýmsar útgáfur af golfi voru spilaðar og áhersla lögð á að bjóða nýjar konur velkomnar og að hafa gaman saman. Fyrsta kvennaspilið var haldið 8. júní. Ákveðið var að hafa þetta með veglegri hætti þar sem ekki hafði verið hægt að halda vorfundinn



Mynd 6: Hatta- og pilsamótið var vel heppnað

og var boðið upp á súpu í lok spilamennskunnar. Mæting var með allra besta móti, 60 konur mættu í spil og súpu. Ný nefnd var kynnt og þeim nefndarkonum sem lokið höfðu starfi þökkun góð störf. Það ríkti létt og skemmtileg stemning yfir golfgellum þetta mánudagssíðdegi og lofaði góðu fyrir sumarið. Næsta kvennaspil fór fram mánudaginn 6. júlí og mættu 35 konur. Þá var var haldið kvennaspil 10. ágúst og var það með lágstemmdum hætti vegna hertra sóttvarnaraðgerða. Konur mættu og spiluðu en ekki var dregið úr skorkortum í lokin eins og hefð er fyrir.

Hatta- og pilsamótið var haldið þann 24. júlí með sannkölluðum glæsibrag. Veðrið lék við okkur að vanda. Þátttaka var góð eins og ævinlega á þessu móti. Spiluð var 9 holu punktkeppni þar sem veitt voru verðlaun fyrir 3 efstu sætin en einnig fyrir ýmislegt annað skemmtilegt. Snæddur var dýrindiskvöldverður að hætti Jóns Vídalín og skemmtu konur sér vel. Í lok sumars var áætluð haustferð til Húsavíkur. Undirbúningur hafði staðið yfir og var í raun og veru allt að verða klárt, þegar aflýsa þurfti ferðinni vegna veirunnar. Í staðinn var ákveðið að halda haustspil og borða saman súpu að spili loknu. Þessu var vel tekið hjá félagskonum og mættu 46 konur til leiks. Það var virkilega gott og gaman að geta lokið golfsumrinu á þennan jákvæða hátt.



Mynd 7: Stelpurnar okkar að gæða sér að súpu

Þrátt fyrir ýmsa annmarka var sumarið gott og félagskonur í GA sýndu það enn og sönnuðu að þær njóta þess að vera saman og spila golf.



Það er óhætt að segja að það sé bjart yfir kvennastarfinu og við erum þess fullvissar að næsta sumar verði fullt af skemmtilegu kvennastarfi hjá GA. Við höfum átt frábært samstarf við starfsfólk GA og Vídalín-veitingar og hlökkum til áframhaldandi samstarfs. Stór hluti af starfi kvennanefndar er að safna verðlaunum fyrir kvennaspilið og mótin sem við höldum. Það er óhætt að segja að fyrirtæki á svæðinu og þó víðar væri leita taki okkur vel og þökkum við kærlega fyrir rausnarlegar gjafir.

Takk fyrir gott golfsumar,

Kvennanefndin.

## SKÝRSLA ÖLDUNGANEFNDAR

Starf eldri kylfinga var með hefðbundnu sniði, það er að undirbúa þátttöku í sveitakeppni en bæði karlarnir og konurnar voru við stífar æfingar í sumar hjá Heiðari og Stefaníu. Öldungasveit karla keppti á heimavelli í efstu deild og náði þar frábærum árangri en þeir sigruðu mótið og urðu Íslandsmeistarar. Strákarnir töpuðu fyrsta leik sínum í riðlinum en fóru síðan taplausir í gegnum næstu leiki og hömпуðu þeim stóra. Óskum við þeim innilega til hamingju með það.

Karlasveitina skipuðu þeir Valmar Valjaots (liðsstjóri), Björgvin Þorsteinsson, Björn Axelsson, Eiður Stefánsson, Jón Birgir Guðmundsson, Jón Þór Gunnarsson, Kjartan Fosserg Sigurðsson, Kristján Gylfason, Leifur Þormóðsson og Ólafur Auðunn Gylfason.



Mynd 9: Strákarnir okkar glaðir með bikarinn



Mynd 10: Stelpurnar okkar í Vestmannaeyjum

Kvennasveitina skipuðu þær Stefanía Kristín Valgeirsdóttir (liðsstjóri), Anna Einarsdóttir, Birgitta Guðjónsdóttir, Birgitta Guðmundsdóttir, Eygló Birgisdóttir, Fanný Bjarnadóttir, Guðlaug María Óskarsdóttir, Guðrún Sigurður Steinsdóttir, Unnur Elva Hallsdóttir og Þórunn Anna Haraldsdóttir.

Konurnar okkar spiluðu einnig í efstu deild en leikið var í Vestmannaeyjum. Þær áttu erfitt uppdráttar í fyrstu tveimur leikjunum gegn GK og GKG en unnu síðan sterkan sigur gegn



nágrönnum okkar í Hamar/Fjallabyggð. Það þýddi að þær spiluðu um 5. sætið gegn NK og gerðu sér lítið fyrir og unnu þann leik með yfirburðum 4/1 og enduðu því í 5.sæti. Við hjá GA erum gríðarlega ánægð með að hafa báðar öldungasveitir okkar í efstu deild og þær standa svo sannarlega fyrir sínu. Þá bætti okkar eini sanni Björgvin Þorsteinsson við enn einum Íslandsmeistaratitlinum í safnið þegar hann varð Íslandsmeistari öldunga 65 ára og eldri í júlí, mótið var haldið í Borgarnesi.

## SKÝRSLA GOLFKENNARA

### Samskipti – Virðing – Viðhorf – Metnaður

Þetta eru einkunnarorð okkar sem stunda golf af kappi hjá Golfklúbbi Akureyrar en við þjálfararnir erum alsæl með árangur iðkenda okkar á árinu 2020.

Í febrúar fóru fjórir keppendur frá GA til að keppa í tveim 54 holu mótum á vegum Global Junior Golf í Portúgal, en Heiðar Davíð fylgdi þeim út. Það voru þau Andrea Ýr, Lárus Ingi, Skúli Gunnar og Veigar. Í seinna mótinu náðu þau afbragðsárangri í sínum flokkum þar sem Andrea endaði í 5. sæti, Lárus var í 14-15. Sæti, Veigar endaði í 2. sæti og Skúli Gunnar í 1. sæti.

Í apríl á þessu ári var búið að skipuleggja æfingaferð fyrir iðkendur til Novo Sancti Petri á Spáni en því miður gátum við ekki farið í hana vegna heimsfaraldursins sem reið yfir. Við neyddumst því til að taka okkur frí í vor frá skipulögðum æfingum áður en útiæfingar gátu hafist. Við þjálfarar sátum ekki auðum höndum, heldur sendum við frá okkur heimaæfingar og æfingaáætlanir á iðkendur og opnuðum vefsíðu þar sem við hlóðum upp safni af gagnlegum æfingum sem hægt er að framkvæma heima.



Mynd 11: 15 ára og yngri sveit stúlkna hafnaði í 3.sæti á Íslandsmótinu



Það virtist ekki setja stórt strik í reikninginn að fá frí um vorið því allir mættu golfóðir á Jaðar þegar æfingasvæðin opnuðu í byrjun maí og fóru iðkendur að æfa sig á fullu fyrir komandi keppnistímabil. Grunnskólarnir á Akureyri sýndu þessari útiveru einnig mikinn áhuga á útvistardögum og fengu 1.- 4. bekkir grunnskólanna að koma til okkar í smá kynningu á golfi. Sumir skólar sendu meira að segja alla bekki til okkar að prófa. Eins var Golfskóli GA á sínum stað yfir sumarið og komu samtals um 120 börn á 5 vikulöng námskeið sem haldin voru í júní og júlí. Við þjálfarar héldum úti æfingum alla virka daga fyrir alla flokka og hvöttum krakkana til að nýta sér vellina og æfingasvæðin eins og þeir gætu utan æfingatíma og um helgar. Nú þegar þetta er skrifað eru 98 börn á aldrinum 18 ára og yngri skráð á skipulagðar æfingar hjá GA en við það bætast síðan iðkendur í meistaraflokk og öldungaflokk sem og aðrir kylfingar sem stunda æfingar hjá þjálfurum af kappi. Það eru því um 250 iðkendur sem æfa golf af kappi hjá Golfklúbbi Akureyrar.

Á **Norðurlandsmótaröðinni** voru iðkendur GA iðulega í meirihluta en alls voru 39 börn í flokkum 12 ára og yngri sem tóku þátt í a.m.k. einu móti á mótaröðinni og voru 20 unglingar sem tóku þátt í a.m.k. einu móti í flokkum 14 ára og eldri frá GA.

Á **unglingamótaröð GSÍ** í einstaklingsmótum voru iðkendur GA 20 sinnum á verðlaunapalli, þar af var einn Íslandsmeistari í 14 ára og yngri flokki drengja og stigameistari í 14 ára og yngri flokki drengja.

Á **Íslandsmótum Golfklúbba** voru niðurstöður allra sveita eftirfarandi:

- 12 ára og yngri sveit hafnaði í 3. sæti í Gulu deildinni
- 15 ára og yngri sveit stúlkna hafnaði í 3. sæti
- 15 ára og yngri a-sveit pilta hafnaði í 2. sæti
- 15 ára og yngri b-sveit pilta GA/GH hafnaði í 9. sæti
- 18 ára og yngri sveit drengja hafnaði í 3. sæti
- Kvennasveit GA hafnaði í 1. sæti í 2. deild
- Karlasveit GA hafnaði í 5. sæti í 1. deild
- Öldungasveit kvenna hafnaði í 5. sæti í 1. deild



Mynd 12: 15 ára og yngri sveit drengja hafnaði í 2.sæti á Íslandsmótinu



- Öldungasveit karla hafnaði í 1. sæti í 1. deild

Það mætti með sanni segja að uppvöxtur í starfinu sé mikill og hefur Golfklúbbur Akureyrar aldrei sent jafn margar sveitir frá sér í Íslandsmót Golfklúbba og sumarið 2020.

Við þjálfarar viljum þakka starfsfólki GA, iðkendum, foreldrum, stjórn klúbbsins, barna-, unglunga- og afreksnefnd sem og öðrum kylfingum kærlega fyrir samstarfið á árinu sem er að líða og erum við gríðarlega spennt fyrir komandi tímum.

Áfram GA!

Stefanía Kristín og Heiðar Davíð